

From: [Valdimar Ingi Gunnarsson](#)
To: [Valdimar Ingi Gunnarsson](#)
Subject: Strandbúnaðarmálið, þöggun og lög um fiskeldi
Date: miðvikudagur, 2. mars 2022 06:43:34
Attachments: [Fylgiskjal 1. Athugasemdir við fiskeldisfrumvarpið.pdf](#)
[Fylgiskjal 2. Bréf til stjórnar Strandbúnaðar 07.10.2021.pdf](#)
[Fylgiskjal 3. Bréf til stjórn Strandbúnaðar 05.05.2021.pdf](#)
[Fylgiskjal 4. Kynningarfundir Matis.pdf](#)
[Fylgiskjal 5. Athugasemdir við aðalfund.pdf](#)
[Fylgiskjal 6. Athugasemdir við fundagerð aðalfundar.pdf](#)

Ágætu félagar

„Strandbúnaðarmálið“ er áhugavert, fróðlegt og lærdómsríkt er varðar aðferðafræði við þöggun. Það sem hefur einkennt viðbrögð við mína gagnrýni á spillingu við undirbúning og gerð laga um fiskeldi er þöggun. Strax eftir að undirritaður sendi inn athugasemd við frumvarp um fiskeldi (fylgiskjal 1) fyrrihluta ársins 2019 hringdi Kjartan Ólafsson, stjórnarformaður Arnarlax og fulltrúi í starfshópi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi, og fór fram að umsögn mín yrði dregin til baka. Fljótlega á eftir fylgdi SMS „*Þetta hefur eftirmála*“. Rafræn bók sem er verið að skrifa um málið hefur því fengið heitið **Lög um fiskeldi - „Þetta hefur eftirmála“**. Áður en lögin um fiskeldi voru samþykkt var farið í manninn en eftir það er beitt aðferðafræðinni þöggun enda ekki góðan málstað að verja.

Fyrst til að upplýsinga

Eins og fram kom í fyrri pósti hér að neðan verða allir „leikendur“ í þessu máli nafngreindir framvegis. Jafnframt að undirritaður er fyrrverandi framkvæmdastjóri Strandbúnaðar og hans fyrirtæki Sjávarútvegsþjónustan er einn af eigendum félagsins. Hafði frumkvæði að stofna Strandbúnaðar, og lagði í verkefnið mikla vinnu og fjármuni. Þakklætið var að fyrrverandi framkvæmdastjóra félagsins var bolað frá og ekki einu sinni þakkað fyrir frábært starf til margra ára. Frá þeim tíma hefur verið gert lítið úr framlagi undirritaðs og reynt að þagga málið niður.

Aðalfundur Strandbúnaðar

Formaður Strandbúnaðar, Halldór Halldórsson, svaraði pósti mínum frá 7. október og þar kemur fram: „*Ég staðfesti móttöku þessa erindis frá þér og set það í hendur aðalfundar og fundarstjóra Aðalfundar*“. Einari Kr. Guðfinnssyni var falið fundarstjórn á aðalfundi Strandbúnaðar. Það kom á óvart að fundarstjórinn virtist ekki kannast við þau gögn sem undirritaður sendi fyrir aðalfundinn (fylgiskjal 2, 3 og 4).

Athugasemdir við aðalfund

Fljótlega eftir aðalfund Strandbúnaðar á síðasta ári var send athugasemd (fylgiskjal 5 og 6) og m.a. farið fram á að aðalfundargerð væri endurrituð er varðar liðinn önnur mál og tekið tillit til minna athugasemda. Mínar viðbætur eru merktar með rauðu í fylgiskjal 6. Endurbætt fundagerð hefur ekki ennþá borist Sjávarútvegsþjónustunni einum af eigendum Strandbúnaðar.

Fulltrúi ráðuneytis?

Það vakti athygli viðvera Jóns Þrándar Stefánssonar, sérfræðingi í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu á aðalfundi Strandbúnaðar sem var jafnframt sá eini sem var ekki í umboði ákveðins hluthafa. Send var inn fyrirspurn til ráðuneytisins sem var svarað vel og

faglega (fylgiskjal 7). Í þessu sambandi bera að nefna að Jón Þrándur var starfsmaður starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi og hafði sterk tengsl við Kjartan Ólafsson. Einn viðmælandi komst þannig að orði í samtali sínu við Kjartan Ólafsson, „*hvernig þorir þú að koma þínum manni svona fyrir inn í ráðuneytinu.*“

Kjartan hefur teygst sig langt og tekið mikla áhættu í þeirri vegferð að gerast milljarðamæringur.

Opinber starfsmaður tekur þátt í þöggun

Matís tók yfir verkefnið og Gunnar Þórðarson opinber starfsmaður hjá stofnunni tók að sér framkvæmdastjórn. Í máli Gunnars á kynningarfundum stofnunarinnar á síðasta ári kom m.a. fram að fyrrverandi framkvæmdastjóri þurfti skyndilega að hætt og hann hafi þurft að taka yfir í neyð (fylgiskjal 4). Hefði ekki verið eðlilegra að láta koma fram að fyrrverandi framkvæmdastjóri var að gagnrýna spillingu hjá leiðandi aðilum innan greinarinnar og við það voru ekki allir sáttir. Það er augljóst hvaða hagsmuni Gunnar er að verja og má m.a. í því sambandi nefna að tengdasonurinn, Neil Shiran K. Þórisson, fjárfesti í Arctic Fish fyrir um hálfan milljarð króna. Það er e.t.v. skynsamlegt fyrir forstjóra og stjórn Matís að velta því fyrir sér í hvaða vegferð opinber stofnun er að fara.

Eigendur Strandbúnaðar

Á fundi með formanni Strandbúnaðar, Halldóri Halldórssyni, kom fram að sú staða gæti komið upp það fjölgaði í hluthafahópnum og þannig gæti verið erfitt fyrir undirritaðan ná fram sínum málum. Í framhaldinu bættust við tvö laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila á aðalfundi félagsins, Arnarlax og Laxar fiskeldi, ásamt Íslenska Kalkþörungafélaginu félag formannsins sem reyndar hefur ekkert með lagarlíf (aquaculture) að gera. Fram kom í máli Gunnars Þórðarsonar á aðalfundi Strandbúnaðar að það myndu fleiri bætast við í hluthafahópin en ekki hefur verið hægt að fá upplýsingar um hvaða félög þetta eru og jafnframt eru engar upplýsingar um eigendur á heimasíðu félagsins.

Samskipti við Strandbúnað

Tölvupóstisamskipti vegna Strandbúnað er hægt að sjá á slóðinni:

<https://lagareldi.is/tolvupostar-til-ad-upplysa/>

Hér er fyrst og fremst um að ræða pósta frá árinu 2021 dagsettir 22.04-8.06, 07.10 og 28.10. Það hefur almennt gegnið erfiðlega að fá sanngjörn og heiðarleg viðbrögð frá Strandbúnaði. Samskiptin eru byrjuð að skrifa áhugaverða sögu.

Vinum faglega og heiðarlega

Ágæti lesandi málið hefur snúist um að fámennur hópur nái ofsagróða og þeir sem hafa verið að þvælast fyrir í þeirri vegferð hefur verið ýtt til hliðar. Því miður hefur Strandbúnaður þvælst inn í þessi átök. Mikilvægt er að þau vinnubrögð sem viðhöfð eru á Strandbúnaði sé faglega og heiðarleg og styrktaraðilar leggi sig fram að svo verði. Vegna þessa bætum við inn á tölvupóstlistann styrktaraðilum Strandbúnaðar.

Vinnan núna

Nú er verið að vinna greinagerðina ***Arnarlax – Til fjárhagslegs ávinnings*** sem stuðst verður við og vitnað til í bókinni ***Lög um fiskeldi - „Þetta hefur eftirmála“***. Hér er um að ræða ítarlega greinagerð sem gefur gott yfirlit yfir framvinduna og vinnubrögð hjá Arnarlaxi og tengdum aðilum á síðustu ár. Greinagerðin verður send til ykkar í apríl og

fleiri munu síðan fylgja í framhaldinu.

Um

Undirritaður hefur unnið við fiskeldi í um 30 ár og komið að fjölmörgum verkefnum fyrir stjórnvöld er tengjast fiskeldi, s.s. komið að skrifum á lögum og reglugerðum. Gagnrýnd hefur verið sú spilling sem hefur átt sér stað við undirbúning og gerð laga um fiskeldi. Í byrjun þessa árs byrjaði undirritaður í hálfu starfi að vinna við samfélagsverkefni gegn spillingu og þið munu reglulega vera upplýst um framgang verkefnisins.

Yfirlit um málið er að finna á slóðinni: <https://lagareldi.is/fljotandi-ad-feigdarosi/>

Best er að finna allar greinar er tengjast málinu á slóðinni: https://sjavarutvegur.is/?page_id=1017

Valdimar Ingi Gunnarsson
Sjavarútvegsþjónustan ehf.
Helgubraut 17
200 Kópavogur
GSM 6952269
Netfang: valdimar@sjavarutvegur.is
Vefsíður: www.sjavarutvegur.is
www.lagareldi.is
www.sjavarutvegsradstefnan.is

From: Valdimar Ingi Gunnarsson
Sent: þriðjudagur, 1. febrúar 2022 09:25
To: Valdimar Ingi Gunnarsson <valdimar@sjavarutvegur.is>
Subject: Er refsivert að gagnrýna spillingu? - Vinnan framundan

Ágætu félagar

Í byrjun þessa árs hóf undirritaður að vinna við samfélagsverkefni gegn spillingu í hálfu starfi. Gagnrýnd hefur verið sú spilling sem hefur átt sér stað við undirbúning og gerð laga um fiskeldi og jafnvel eftir að lögín voru samþykkt. Málið snýst um meira en 100 milljarða króna fjárhagslegan ávinning. Ítrekað hefur verið farið fram á opinbera rannsókn en því hefur verið svarað með þöggun. Nánar um málið á slóðinni: <https://lagareldi.is/fljotandi-ad-feigdarosi/>

Strandbúnaður - Er refsivert að gagnrýna spillingu?

Það viðhorf virðist viðgangast innan fiskeldis að það sé refsivert að gagnrýna spillingu innan greinarinnar. Það sem undirrituðum þykir athyglisvert er að það hafa komið til tals að það þyrfti að losa sig við fyrrverandi framkvæmdastjóra Strandbúnaðar vegna þess eins að hann var að gagnrýna leiðandi aðila innan greinarinnar um spillingu. Undirritaður hafði frumkvæði að stofna Strandbúnaðar, sem er ráðstefna fyrir fiskeldi, skeldýra- og þörungærækt, og lagði í verkefnið mikla vinnu og fjármuni. Þakklætið var að fyrrverandi framkvæmdastjóra félagsins var bolað frá og ekki einu sinni þakkað fyrir frábært starf til margra ára. Frá þeim tíma hefur verið gert lítið úr framlagi fyrrverandi framkvæmdastjóra

og reynt að þagga málið niður. Það skal þó haft í huga að „Strandbúnaðarmálið“ er aðeins líttill hluti af mun stærra máli. Nánara verður þó fjallað um málið væntanlega í næsta tölvupósti.

Sjávarútvegsráðstefnan - Mikilvægt að kynna sér málið áður en ákvörðun er tekin

Á ört stækkandi tölvupóstlista er nú bætt við öllum eigendum og öllum stjórnnum Sjávarútvegsráðstefnunnar. Ef sú staða kemur upp að þrýstingur verður á að losa sig við framkvæmdastjóra Sjávarútvegsráðstefnunnar vegna gagnrýni hans á spillingu, mæli ég með að þið setjið ykkur inn í málið áður en ákvörðun verður tekin. Það er e.t.v. kominn tími að framkvæmdastjóri Sjávarútvegsráðstefnunnar víki til hliðar, en gerum það á faglegum, heiðarlegum og málefnalegum forsendum.

Vinnan framundan

- ***Gagnrýnin:*** Málið snýst ekki um að nýta sér tækifærin, heldur að vera leiðandi við hönnun á leikreglum, skjalfest í lögum, sjálfum sér og sínum fyrirtækjum til fjárhagslegs ávinnings á kostnað annarra. Það sem átti að vera stefnumótun stjórnvalda varð að stefnumótun sérhagsmuna laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila. Af fræðimönnum er þessi aðferðafræði nefnd að „fanga ríkisvaldið“ (e. state capture).
- ***Tilgangur vinnunnar:*** Á þessu ári mun mín vinna einkum snúast um að rannsaka, upplýsa og veita aðhald:
 - a. **Rannsaka:** Mikið af upplýsingum hefur verið aflað um ófagleg og óheiðaleg vinnubrögð, allt frá því starfshópur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun um fiskeldi var stofnaður árið 2016. Kallað verður eftir fleiri gögnum og vísað til upplýsingalaga og jafnframt verður rætt við fjölda manns sem geta veitt upplýsingar.
 - b. **Upplýsa:** Undirritaður hefur skrifað töluvert um málið og nú verður tekin saman rafræn bók sem gefur heilstætt yfirlit. Bók sem verður lifandi skjal þar sem einstakir kaflar verða uppfærðir eftir því sem viðbótarupplýsingar koma inn og bætt við nýjum kafla fyrir hvert ár (sjá fylgiskjal 1). Þannig verður rannsóknin og bókin sennilega án fordæma. Bókin verður með rafræna tengingu inn á fjölda heimilda, upplýsingabanki fyrir þá sem vilja vinna áfram með einstaka þætti málsins.
 - c. **Veita aðhald:** Undirritaður byrjaði ekki að gagnrýna vinnubrögðin og spillinguna fyrr en fyrrihluta ársins 2019 og eftir það hafa einstök mál verið gagnrýnd löngu eftir að atburður hafði átt sér stað. Nú verður sú breyting gerð að gagnrýnt verður fljótlega eftir að ákvörðun hefur verið tekin eða atburður átt sér stað og ekki minnst benda á og tengja við fyrri ákvarðanir, hverjir voru þátttakendur, fjárhagslegan ávinning einstakra aðila o.s.frv. Það verður gert m.a. með að skrifa greinar í fjölmiðla.
- ***Menn nafngreindir:*** Frá því að undirritaður byrjaði að gagnrýna spillingu við undirbúning og gerð laga um fiskeldi í byrjun ársins 2019 hafa menn ekki verið nefndir á nafn. Nú verður breyting á, en því er ekki að neita að mér finnst það bæði óþægilegt og óheppilegt en hjá því verður ekki komast því miður. Málið er því komið á allt annað stig og gera má ráð fyrir að þeir sem eru gagnrýndir reyni að stoppa af mína framgöngu með ýmsum ráðum.
- ***Birtingar:*** Mikil vinna er framundan og gert er ráð fyrir að fyrsti kafli bókarinnar birtist í vor eða í sumar og í framhaldinu verður styttra á milli birtinga. Einstaka

greinagerðir um afmörkuð efni sem samantekt verður gerð úr og stuðst verður við í bókinni kunna þó að birtast fyrir. Hér er um að ræða ítarlegar greinagerðir s.s. yfir einstök laxeldisfyrirtæki þar sem m.a. verður gerð góð skil á leiðinni til fjárhagslegs ávinnings.

Mín staða

Mér hreinlega ofbíður þau vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð á síðustu árum. Það voru tveir slæmir valkostir í stöðinni hjá mér, gera ekki neitt í málinu eða taka slaginn:

- *Mín ákvörðun:* Beiðni um opinbera rannsókn hafði engu skilað. Mér hefur verið sýnd almennt ókurteisi, beiðnum ekki verið svarað, reynt að þagga málið niður og lítið gert úr mínum störfum. Það lá því beint við að taka slaginn og svara fyrir sig.
- *Siðferðisleg skilda:* Undirrituðum finnst honum bera siðferðislega skildu til að stíga fram og gera athugasemdir við ófaglega og óheiðalega vinnubrögðin sem hafa verið viðhöfð þar sem íslenskir leppar erlendra fjárfesta hafa verið fremstir í flokki. Það er mikilvægt að leggja sitt að mörkum við að uppræta spillingu.
- *Enginn ávinningur:* Á það skal bent að undirritaður hefur engan fjárhagslegan ávinning að vinna þetta verkefni, það veldur mér eingöngu fjárhagslegu tjóni og óvild margra.
- *Rétti aðilinn:* Skynsamlegt er að undirritaður vinni þetta verkefni þar sem hann situr á yfirburðarþekkingu í þessu máli, safnað mikið af gögnum og mestar líkur á að rannsóknin verði nægjanlega vel gerð.
- *Kostnaður:* Að sjálfsgöðu tekur þetta verkefni mikið á minn rekstur þar sem um er að ræða samfélagsverkefni gegn spillingu. Til að draga úr kostnaði verður hætt öllum auglýsingum í blöðum og á samfélagsmiðlum til að vekja athygli á málinu a.m.k. í bili.
- *Út vegna spillingar:* Á síðasta ári ákvað undirritaður að draga sig út úr öllum fiskeldistengdum verkefnum m.a. vegna þeirra spillingar sem hefur viðgengst af leiðandi aðilum innan greinarinnar.
- *Verður vinnu að fá:* Það er skiljanlegt að margir spyrji sig er þessum manni treystandi? Vonandi verður skilningur innan sjávarútvegs að þetta sé einstakt mál og lýsi almennt ekki mínum vinnubrögðum. Það vill svo heppilega til að undirritaður er sjávarútvegsfræðingur með víðtæka þekkingu og þegar ákveðnar dyr lokast eru margar aðrar til að opna betur.

Um

Undirritaður hefur unnið við fiskeldi í um 30 ár og komið að fjölmörg verkefnum fyrir stjórnvöld er tengjast fiskeldi, s.s. komið að skrifum á lögum og reglugerðum. Gagnrýnd hefur verið sú spilling sem hefur átt sér stað við undirbúning og gerð laga um fiskeldi. Í byrjun þessa árs hófst vinna við samfélagsverkefni gegn spillingu í hálfu starfi og þið munu reglulega vera upplýst um framganganginn.

Yfirlit um málið er að finna á slóðinni: <https://lagareldi.is/fljotandi-ad-feigdarosi/>

Best er að finna allar greinar er tengjast málinu á slóðinni: https://sjavarutvegur.is/?page_id=1017

Valdimar Ingi Gunnarsson
Sjávarútvegsþjónustan ehf.

Helgubraut 17
200 Kópavogur
GSM 6952269
Netfang: valdimar@sjavarutvegur.is
Vefsíður: www.sjavarutvegur.is
www.lagareldi.is
www.sjavarutvegsradstefnan.is

From: Valdimar Ingi Gunnarsson
Sent: mánudagur, 3. janúar 2022 08:50
To: Valdimar Ingi Gunnarsson <valdimar@sjavarutvegur.is>
Subject: Heilræði til ráðherra vegna stefnumótunar í fiskeldi

Gleðilegt nýtt ár

Við óskum nýjum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra farsældar í nýju starfi.

Það sem átti að vera stefnumótun stjórnvalda....

Á árinu 2016 var stofnaður starfshópur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi. Það sem átti að vera stefnumótun stjórnvalda og greinarinnar varð að stefnumótun íslenskra leppa og erlendra fjárfesta til mikil fjárhagslegs ávinnings m.a. í formi eldisleyfa að verðmæti **yfir 100 milljarða króna**. Stefnumótunin um fiskeldi var gefin út árið 2017 og tillögurnar afgreiddar frá Alþingi Íslendinga sem lög um fiskeldi á árinu 2019.

Samfélagsverkefni

Undirritaður byrjar nú á þessu ári í hálfu starfi í samfélagsverkefni gegn spillingu. Málið varðar vinnubrögðin við undirbúning og gerð laga um fiskeldi og jafnvel einnig eftir að löggin voru samþykkt frá Alþingi Íslendinga. Um vinnubrögðin hafa verið skrifaðar fjölmargar greinar í blöð og allar þessar greinar er nú í tveimur útgáfum af Fiskeldisfréttum sem eru að finna í viðhengi.

Ný stefnumótun

Það ber að fagna því að í nýjum sáttmála um ríkisstjórnarsamstarfið að taka eigi fyrir málefni fiskeldis:

„Mótuð verður heildstæð stefna um uppbyggingu, umgjörð og gjaldtöku fiskeldis. Við þá vinnu verður lögð áhersla á tækifæri til atvinnusköpunar og mikilvægi þess að greinin byggist upp á grundvelli sjálfærni, vísindalegrar þekkingar og verndar villtra laxastofna“.

Heilræði til ráðherra

Við stofnun á nýjum starfshópi um stefnumótun í fiskeldi og vinnuna framundan er mikilvægt að vandað sé til verka:

- a. *Vanda valið:* Koma í veg fyrir að í starfshópnum séu aðilar sem eru eingöngu að vinna að sínum eigin hagsmunum til mikils fjárhagslegs ávinnings.
- b. *Vinna faglega:* Koma í veg fyrir að íslenskir leppar komi sínum mönnum fyrir í ráðuneytinu.
- c. *Rýna:* Til að koma í veg fyrir mikinn fjárhagslegs ávinnings ákveðinna aðila innan

starfshópsins á kostnað annarra sem ekki hafa aðgang að borðinu er mikilvægt að tillögurnar séu rýndar.

- d. *Setja hindranir:* Mikilvægt er að innan ráðuneytis sé farið mjög vel yfir tillögurnar til að koma í veg fyrir að hagnaðurinn af auðlindinni fari að mestu úr landi.

Vinna faglega og heiðarlega

Það er síðan von okkar að núverandi sjávarútvegs- og landabúnaðarráðherra sýni faglegri vinnubrögð en forveri hans og hafi hagsmuni Íslendinga og íslenskrar náttúru fyrst og fremst að leiðarljósi.

Um

Undirritaður hefur unnið við fiskeldi í um 30 ár og komið að fjölmörg verkefnum fyrir stjórnvöld er tengjast fiskeldi, s.s. komið að skrifum á lögum og reglugerðum. Gagnrýnd hefur verið sú spilling sem hefur átt sér stað við undirbúning og gerð laga um fiskeldi. Undirritaður er nú í hálfu starfi í samfélagsverkefni gegn spillingu og þið munu reglulega vera upplýst um framganginn.

Yfirlit um málið er að finna á slóðinni: <https://lagareldi.is/fljotandi-ad-feigdarosi/>

Best er að finna allar greinar er tengjast málinu á slóðinni: https://sjavarutvegur.is/?page_id=1017

Valdimar Ingi Gunnarsson
Sjávarútvegsþjónustan ehf.
Helgubraut 17
200 Kópavogur
GSM 6952269
Netfang: valdimar@sjavarutvegur.is
Vefsíður: www.sjavarutvegur.is
www.lagareldi.is
www.sjavarutvegsradstefnan.is

From: Valdimar Ingi Gunnarsson

Sent: fimmtudagur, 9. desember 2021 09:56

To: Valdimar Ingi Gunnarsson <valdimar@sjavarutvegur.is>

Subject: Áhættumat erfðablöndunar í umhverfismati áætlana

Sæl

Undirritaður hefur sent inn umsögn við áhættumati erfðablöndunar í umhverfismati áætlana sem er að finna í viðhengi. Af einhverjum óskiljanlegum ástæðum tókst ekki að koma greinagerðinni inn á samráðsgáttina, en það mál er í skoðun.

Vegna tímaskorts tókst ekki að klára umsögn í því formi sem stefnt var að. Í því sambandi er þó bent á að fyrirséð er að undirritaður mun veita áhættumati erfðablöndunar andmæli á næstu árum og þá taka mun betur fyrir ýmsa þætti er varða áhættumatið.

Áhættumat erfðablöndunar er að valda skaða

Áhættumat erfðablöndunar er fyrst og fremst notað til að úthluta framleiðsluheimildum til íslenskra leppa og erlendra fjárfesta. Það sorglega er að áhættumat erfðablöndunar er að valda skaða á íslenskum laxastofnum á eldissvæðum og hefur lítið sem ekkert með umhverfisvernd að gera. Það er raunar með nokkrum ólíkindum að veitt sé lagaheimild á Alþingi Íslendinga fyrir því að erfðablanda megi villtan íslenskan lax með innleiðingu áhættumats erfðablöndunar.

Áhættumat erfðablöndunar gefur frjálstan aðgang

Áhættumat erfðablöndunar leggur til umfangsmiklar framleiðsluheimildir og aðferðafræði sem fela í sér brot á ýmsum lögum og í raun gefur norskættuðum strokulöxum frjálstan aðgang að veiðiám á eldissvæðum til að hrygna með íslenskum villtum löxum. Niðurstaðan gæti verið sú að íslenska ríkið þurfi að greiða skaðabætur til veiðiréttareigenda. Þessi vinnubrögð eru engum til sóma og alls ekki til að stuðla að sátt á milli laxeldisíðnarins og veiðiréttaeigenda, umhverfisinna og fleiri.

Áhættumat erfðablöndunar er Íslendingum til tjóns en leggur grunn að milljarða ávinningi erlendra fjárfesta.

Göng sem ekki hafa verið birt

Það vekur athygli hve vel Landssambandi veiðifélaga tekst til að fá óbirt gögn frá Hafrannsóknastofnun. Það er að finna bráðabrigðaniðurstöður forskoðunar á mögulegri erfðablöndun sem hægt er að sækja inn á samráðsgáttina:

[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3067#advices](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3067#advices) Hér er m.a. um að ræða sýnatöku m.a. frá árunum 2017-2019 teknar úr veiðiánum á Vestfjörðum þar sem er að finna litla laxastofna. Athyglisvert er að ekkert virðist vera minnst á þessar sýnatökur í tækniskýrslu Hafrannsóknastofnunar „*Hætta á göngu strokulaxa úr laxeldi í íslenskar laxveiðiar*“ sem gefin var út árið 2020.

Áður höfðu samtökin fengið upplýsingar um óbirtar rannsóknir á laxfiskum í fjölmörgum veiðiám í Ísafjarðardjúpi. Niðurstaða þessarar rannsóknar af einhverjum ástæðum hefur ekki verið birt ennþá. Bréf Hafrannsóknastofnunar til Landsambands veiðifélaga er að finna í viðauka 5 í meðfylgjandi greinagerð.

Lögfræðilít

Með að innleiðingu áhættumat erfðablöndunar er m.a. verið að brjóta lög nr. 60/2013 um náttúruvernd og lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð. Eitt af því sem unnið verður áfram með er að skoða betur laglega álitæfni er tengjast innleiðingu áhættumat erfðablöndunar. Í því sambandi hefur verið sendur tölvupóstur til fjölmargra lögfræðinga og kallað eftir samtali. Vonandi hjálpar meðfylgjandi greinagerð og aðrar sem teknar hafa verið saman af undirrituðum að sýna betur fram á lögfræðilega vankanta áhættumats erfðablöndunar.

Um

Undirritaður hefur unnið við fiskeldi í um 30 ár og komið að fjölmörg verkefnum fyrir stjórnvöld er tengjast fiskeldi, s.s. komið að skrifum á lögum og reglugerðum. Gagnrýnd hefur verið sú spilling sem hefur átt sér stað við undirbúning og gerð laga um fiskeldi. Frá næstu áramótum mun undirritaður vera í hálfu starfi í samfélagsverkefni gegn spillingu og þið munu reglulega vera upplýst um framganganginn.

Yfirlit um málið er að finna á slóðinni: <https://lagareldi.is/fljotandi-ad-feigdarosi/>

Best er að finna allar greinar er tengjast málinu á slóðinni: https://sjavarutvegur.is/?page_id=1017

Valdimar Ingi Gunnarsson
Sjavarútvegsþjónustan ehf.
Helgubraut 17
200 Kópavogur
GSM 6952269
Netfang: valdimar@sjavarutvegur.is
Vefsíður: www.sjavarutvegur.is
www.lagareldi.is
www.sjavarutvegsradstefnan.is

From: Valdimar Ingi Gunnarsson

Sent: miðvikudagur, 10. nóvember 2021 10:34

To: Valdimar Ingi Gunnarsson (valdimar@sjavarutvegur.is) <valdimar@sjavarutvegur.is>

Subject: Það þarf samtal og sýna virðingu fyrir eigum Íslendinga

Sæl

Litlum laxveiðiánum á eldissvæðum var fórnað til að skapa erlendum eigendum laxeldisfyrirtækja tugmilljarða ávinning.

Afstaða mann til sjókvíaeldis á laxi í skiptist í megin atriðum í tvo hópa; þá sem eru með og þá eru á móti. Það sorglega er að bilið á milli þessara tveggja hópa virðist vera að aukast. Við undirbúning og gerð laga um fiskeldi var það fjárhagslegur ávinningur erlendra fjárfesta sem réði för m.a. á kostnað umhverfismála laxeldis þar sem ákveðið var að fórna litlu laxastofnunum á eldissvæðum. Í framhaldi á nýlegu viðtali við eiganda Laxfiska á visir.is sem undirritaður tekur að stærstum hluta undir er skynsamlegt m.t.t. fjölmargra annar sambærilegra ábendinga að:

- *Hvar er siðferðið:* Innleiða siðferði, heiðaleika og bera virðingu fyrir eigum íslenskra landeigenda þar sem er að finna litlar laxveiðiár á eldissvæðum. Þessar litlu laxveiðiár vega ekki þungt í stóra samhenginu en geta verið mikil verðmæti fyrir einstaka landeigendur.
- *Hvar er samtalið:* Eigendur lítilla laxveiðiáa hafa verið algjörlega hunsaðir af stjórnvöldum og þannig er þeirra eigum sýnd mikil vanvirðing. Það er löngu tímabært að stjórnvöld hefji samtal og sýni eigum íslenskra landeigenda virðingu. Það má gera ráð fyrir að eigendurnir verði áfram á móti laxeldinu en eflaust næst meiri sátt með heiðarlegu samtali.
- *Hvar er vöktunin:* Þrátt fyrir óvanalega margar slysasleppingar í Arnarfirði er vöktun opinberra stofnanna með litlum veiðiám því sem næst engin. Því miður eru vinnubrögð Hafrannsóknastofnunar óheiðaleg og ófagleg í skjóli áhættumats erfðablöndunar og vonandi að nýr forstjóri sýni skynsemi og láti taka á þessu máli.
- *Hvar eru viðbrögðin:* Hægt er að verja litlu laxveiðiárnar með að vakta og fjarlægja

eldislax úr þeim eins og gert er erlendis. Hér er um að ræða tiltölulega einfalda og ódýra framkvæmd í stóra samhenginu. Vandamálið er að áhættumat erfðablöndunar gerir ráð fyrir að þessir stofnar verði fyrir skaða m.a. til að hægt sé að úthluta sem mestum framleiðsluheimildum til laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila.

Stjórnvöld hafa verið að senda mjög óheppileg skilaboð til íslenskra landeigenda sem leiða til þess að bilið á milli þessara tveggja hópa heldur áfram að aukast engum til hagsbóta þegar upp er staðið.

Viðtal við eiganda Laxfiska: <https://www.visir.is/g/20212179533d/laxastofninn-i-fjufalsa-er-ofurseldur-sjokviaeldinu>

Jafnframt er að finna tvö viðhengi (fylgiskjal 1 og 2) yfirlit greina um litlu laxastofnanna sem á að fórna og athugasemdir við áhættumati erfðablöndunar.

Af hverju vilja menn ekki taka á málinu?

Það vekur athygli að ekki sé reynt að ná meiri sátt við eigendur minni laxveiðiá á eldissvæðum. Fram að þessu hefur verið valtað yfir hagsmuni landeigenda og reyndar fjölmargra aðra íslenska aðila til fjárhagslegs ávinnings fyrir laxeldisfyrirtæki sem er í meirihlutaeigu erlendra aðila. Það verður erfitt að innleiða siðferði og heiðaleika í þessu máli þar sem fjárhagslegir hagsmunir erlendra fjárfesta eru miklir:

- *Grunnur að fjárhagslegum ávinningi:* Litlu laxveiðiárnar voru ekki teknar með í áhættumat erfðablönduna til að hægt væri að úthluta m.a. laxeldisfyrirtækjum í meirihluta erlendra aðila á sunnanverðum Vestfjörðum meiri framleiðsluheimildum til eldis á frjóum laxi.
- *Erlendur eigendur gætu tapað miklu:* Arnarlax verðleggur eldisleyfin á u.þ.b. 1,5 milljón króna á hvert tonn heimilaðs hámarks lífmass. Það eru því gríðarlegir hagsmunir undir ef litlu laxveiðiárnar verða teknar með inn í áhættumat erfðablöndunar og erlendir eigendur laxeldisfyrirtækjanna gætu tapað stórum fjármunum.
- *Erfitt að vinna ofan af:* Stjórnvöld sjá fyrir sér aukin atvinnutækifæri á landsbyggðinni, auknar útflutningstekjur og þá víkja minni hagsmunir íslenskra eigenda litlu laxveiðianna fyrir miklum hagsmunum erlendra fjárfesta.

Af hverju er ekki vilji að birta niðurstöður rannsókna?

Hafrannsóknastofnun rannsakaði seiðabúskap í fjórtán veiðiám í Ísafjarðardjúpi um sumarið 2016 og reyndist lax vera ríkjandi tegund í um helmingi þeirra. Fyrirhugað er umfangsmikið laxeldi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi og af einhverjum óskiljanlegum eða skiljanlegum ástæðum vill Hafrannsóknastofnun ekki birta niðurstöðu þessarar rannsóknar. Af hverju eru þessi rannsókn ekki birt opinberlega? Á eingöngu að verja laxveiðiár veiðifélaga sem eru meðlimir í Landsambandi veiðifélaga?

Á tölvupóstlistann er bætt við nokkrum eigendum lítilla laxveiðiá á Vestfjörðum sem ekki eru í Landssambandi veiðifélaga.

Það er verið að brjóta lög

Þess hefur verið gætt að stjórnvöld minnst ekki einu orði á lög nr. 55/2012 um

umhverfisábyrgð. Sú aðferðafræði sem áhættumat erfðablöndunar styðst við er að brjóta í bága við lög um umhverfisábyrgð þar sem m.a. kveðið er á um að sá sem veldur mengun, láti taka til eftir sig og greiði kostnaðinn. Undirritaður hefur farið fram á við ráðgjafanefnd Hafrannsóknastofnunnar að stuðlað verði að því að gerð verði úttekt á vinnubrögðum stofnunarinnar er varðar áhættumat erfðablöndunar (fylgiskjal 3).

Þegar upp verður staðið á eflaust eftir að koma vel fram að margt er varðar breytingar á lögum um fiskeldi frá árinu 2019 stenst ekki skoðun og í því tilefni er nokkrum lögfræðingum bætt á tölvupóstlistann. Lögfræðingum Íslenska laxeldisfyrirtækja, laxeldisfyrirtækjum í erlendri eigu (Arctic fish, Arnarlax, Laxar fiskeldi og Fiskeldi Austfjarða), eigenda laxveiðiáa og umhverfissinna.

Um

Undirritaður hefur unnið við fiskeldi í um 30 ár og komið að fjölmörg verkefnum fyrir stjórnvöld er tengjast fiskeldi, s.s. komið að skrifum á lögum og reglugerðum. Gagnrýnd hefur verið sú spilling sem hefur átt sér stað við undirbúning og gerða laga um fiskeldi og er yfirlit um málið á slóðinni: <https://lagareldi.is/fljotandi-ad-feigdarosi/>

Best er að finna allar greinar er tengjast málinu á slóðinni: https://sjavarutvegur.is/?page_id=1017

Frá næstu áramótum mun undirritaður vera í hálfu starfi í samfélagsverkefni gegn spillingu. Unnið verður m.a. að því að taka saman greinagerð er lýsir spillingunni við undirbúning og gerð laga um fiskeldi og vinnubrögðunum eftir að lög in voru samþykkt.

Valdimar Ingi Gunnarsson
Sjavarútvegsþjónustan ehf.
Helgubraut 17
200 Kópavogur
GSM 6952269
Netfang: valdimar@sjavarutvegur.is
Vefsíður: www.sjavarutvegur.is
www.lagareldi.is
www.sjavarutvegsradstefnan.is

From: Valdimar Ingi Gunnarsson
Sent: fimmtudagur, 28. október 2021 18:04
To: Valdimar Ingi Gunnarsson <valdimar@sjavarutvegur.is>
Subject: Aðalfundur Strandbúnaðar og þöggunin

Ágætu félagar

Aðalfundur Strandbúnaðar

Formaður Strandbúnaðar svaraði pósti mínum frá 7. október og fyrir það er ég þakklátur. Í pósti formannsins kemur fram:

„Ég staðfesti móttöku þessa erindis frá þér og set það í hendur aðalfundar og fundarstjóra

Aðalfundar“.

Hér er um að ræða beiðni mína um að tvö mál verði tekin fyrir undir sérstökum lið eða undir liðnum önnur mál á Aðalfundi Strandbúnaðar sem haldinn verður föstudaginn 29. október, klukkan 15:30. Sjá fylgiskjöl fylgiskjöl 1, 2 og 3. Af hverju gat stjórn Strandbúnaðar ekki tekið ákvörðun um að mín beiðni væri tekin upp á aðalfundi félagsins?

Sú staða gæti því komið upp að aðalfundur tæki þá ákvörðun að hunsa mína beiðni. Ef það verður niðurstaðan, sem sennilega er líklegast, þá er farið fram á að það verði fært til bókar á aðalfundinum. Jafnframt að gerð verði grein fyrir atkvæði einstakra hluthafa Strandbúnaðar. Á fundi með formanninum fyrr á árinu kom fram að sú staða gæti komið upp það fjölgaði í hluthafahópnum og þannig gæti verið erfitt fyrir undirritaðan ná fram sínum málum.

Kynningar Strandbúnaðar

Það verður að gera athugasemdir og leiðréttingar gagnvart því sem hefur komið fram í kynningum formanns Strandbúnaðar:

„Þetta byrjaði miklu smærra en hefur vaxið gríðarlega á skömmum tíma, ekki síst vegna þess að nú eru eldisfyrirtækin að koma inn í þetta“.

Í þessu samhengi ber að nefna að strax á fyrstu ráðstefnunni 2017 komu 260 manns og í framhaldinu hefur ráðstefnan vaxið í takt við aukningu í greininni, á árunum 2017-2019, þrátt fyrir að almennt mættu tiltölulega fáir frá laxeldisfyrirtækjum í meirihluta erlendra eigenda öll árin (fylgiskjal 4). Í þessu samhengi má benda á að undirritaður byrjaði ekki að skrifa sínar greinar um spillingu eða koma opinberlega með athugasemdir fyrr en að lokinni ráðstefnu Strandbúnaðar árið 2019. Fulltrúar fiskeldisfyrirtækja hafa alltaf verið stór hluti af þátttakendum (fylgiskjal 4) og því óskiljanlegt hvað er átt við með „*ekki síst vegna þess að nú eru eldisfyrirtækin að koma inn í þetta*“. Ágæt tölfræði hefur verið haldin um þátttakendur á Strandbúnaði eins og fram kemur í fylgiskjali 4.

Hvert er formaðurinn að fara?

Í kynningum formannsins hefði e.t.v. verið heppilegra að hann hafi gert minna af því að auglýsa sína kalkþörungavinnslu sem hefur ekkert með Strandbúnað eða Lagarlíf að gera. Það hefði eflaust verið skynsamara fyrir formanninn að þakka opinberlega fyrrverandi framkvæmdastjóra fyrir frábært starf í þágu félagsins síðustu ár en að hans frumkvæði væri ráðstefnan ekki til staðar.

E.t.v. mun formaður Strandbúnaðar svara því á aðalfundi félagsins af hverju hann hefur lagt svo mikla áherslu að kynna sína eigin starfsemi og látið það vera að þakka fyrrverandi framkvæmdarstjóra fyrir frábært starf í þágu félagsins.

Greinagerð framkvæmdastjórans

Með fundarboði á aðalfundi Strandbúnaðar fylgir með greinagerð núverandi framkvæmdastjóra (fylgiskjal 5). Fram kom að greinagerðin væri á ábyrgð framkvæmdastjórans en ekki stjórnar Strandbúnaðar. Undirritaður er búinn að svara þessu a.m.k. að mestu í fyrri tölvupóstum hér að neðan. Það er hægt að þvæla þetta mál fram og til baka en niðurstaðan er skýr:

- a. *Það er verið að verja sjálfstöku*: Ólíkarkar þrýstu á að fyrrverandi framkvæmdastjóra

Strandbúnaðar væri bolað frá þar sem hans málflutningur gæti leitt til þess að opinber rannsókn væri gerð á spillingarmálum við undirbúning og gerð laga um fiskeldi. Ólígarnir náðu að sölsa undir sig yfir 100 milljarða króna m.a. með að misnota Landssamband fiskeldisstöðva og eru því miklir hagsmunir undir.

- b. Hylma yfir spillingu: Sú ákvörðun var tekin af Strandbúnaði að styðja við ólígarkana, hylma yfir mína gagnrýni á spillingu, og þannig gerast þátttakandi í þöggun sem er kerfisbundin aðferð til að koma í veg fyrir að fólk tjái skoðanir sínar.
- c. Hvað var sagt?: Núverandi framkvæmdastjóri hringdi í hluthafa þegar unnið var að því að bola undirrituðum frá og undruðust sumir framganga hans. Hvað fór fram í símtölunum verða hluthafar að upplýsa um.
- d. Misnotkun: Núverandi framkvæmdastjóri er tengdur fjölskylduböndum aðila sem er þátttakandi í braskinu og hefur því miður verið að láta misnota sig.
- e. Fjárhagslegur ávinningur fyrir Matís: Þeir fjármunir, þekking, gögn og sjálfboðavinna sem undirritaður lagði í uppbyggingu á Strandbúnaði kemur nú af fullum notum fyrir opinbert hlutafélag til að auka tengsl og samvinnu við laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila, Matís til fjárhagslegs ávinnings.
- f. Gert lítið úr minni vinnu: Það hefur verið reynt að gera lítið úr góðu starfi fyrrverandi framkvæmdastjóra og þess gætt að nefna hann aldrei á nafn í kynningum Strandbúnaðar. Í staðinn hafa verið stundaðar kynningar sem vart geta verið til góðs fyrir fyrrverandi framkvæmdarstjóra og í því sambandi má nefna kynningarfund Matís þann 18. maí (fylgiskjal 3).
- g. „Fór bara“: Fyrrverandi framkvæmdastjóri, fór bara, skilaði vel af sér félaginu þar sem hann vildi í raun Strandbúnaði það besta.

Framganga ólígarka

Það er ólíðandi og óþolandi eftir að ólígarkar sem höfðu valsast með stefnumótun stjórnvalda sjálfum sér og sínum til fjárhagslegs ávinnings í framhaldinu noti Strandbúnaðar til að stuðla að því að eðlileg og fagleg gagnrýni í mínu nafni sé þöggud niður. Það er miður hvernig Strandbúnaður hefur látið misnota sig við að þagga niður mína réttmætu gagnrýni á spillingu. Að sjálfögðu eru margir sem standa að Strandbúnaði fjárhagslega háðir ólígörkunum og mun því ekki styðja undirritaðan þó þeirra hugur standi e.t.v. til þess.

Að lokum

Málið er kominn í þann farveg að Strandbúnaðar er orðinn þátttakandi í þöggun með að reyna að hylma yfir mína gagnrýni á ólígarkarana er varðar spillingu. Því er ekki að leyna að áframhaldandi þöggun af hendi Strandbúnaðar mun bara styrkja mína vegferð gegn spillingu. Ef eitthvað er þá hefur framferði Strandbúnaðar sannfært undirritaðan um að vegferðin í þessu máli sé í réttum farvegi.

Hér er undirritaður að vinna að góðu samfélagsverkefni sem hægt er að vera stoltur af. Vegferð mín gegn spillingu er komin með mjög áhugaverða ferilskrá og það verður spennandi að fylgjast með hvenær málið fer í hárnæli og þá umræðu sem þá verður tekin.

Um

Undirritaður hefur unnið við fiskeldi í um 30 ár og komið að fjölmörg verkefnum fyrir stjórnvöld er tengjast fiskeldi, s.s. komið að skrifum á lögum og reglugerðum. Gagnrýnd

hefur verið sú spilling sem hefur átt sér stað við undirbúning og gerða laga um fiskeldi og er yfirlit um málið á slóðinni: <https://lagareldi.is/fljotandi-ad-feigdarosi/>

Best er að finna allar greinar er tengjast málinu á slóðinni: https://sjavarutvegur.is/?page_id=1017

Valdimar Ingi Gunnarsson
Sjavarútvegsþjónustan ehf.
Helgubraut 17
200 Kópavogur
GSM 6952269
Netfang: valdimar@sjavarutvegur.is
Vefsíður: www.sjavarutvegur.is
www.lagareldi.is
www.sjavarutvegsradstefnan.is

From: Valdimar Ingi Gunnarsson

Sent: miðvikudagur, 27. október 2021 07:20

To: Valdimar Ingi Gunnarsson (valdimar@sjavarutvegur.is) <valdimar@sjavarutvegur.is>

Subject: Ólígarkar, Strandbúnaður/Lagarlíf og þöggunin

Ágætu félagar

Ráðstefnan Lagarlíf verður haldin, 28. - 29. október á Grand Hótel Reykjavík. Þetta er mikilvægur vettvangur fyrir fiskeldi, skeldýrarækt og þörungurækt ef menn gæta að því að vinna faglega og vettvangurinn verði hlutlaus.

Ólígarkar, Strandbúnaður og þöggunin

Það er ólíðandi og óþolandi eftir að ólígarkar voru búnir að vasast í stefnumótun stjórnvalda sjálfum sér til fjárhagslegs ávinnings vasast þeir í framhaldinu í málefnum Strandbúnaðar til að stuðla að því að eðlileg og fagleg gagnrýni í **mínu nafni** sé þöggud niður. Þeirra þrýstingur, beint og óbeint, hefur verið þess valdandi að undirritaður þurfti að stíga til hliðar sem framkvæmdastjóri Strandbúnaðar. **Málið snýst ekki endilega um undirritaðan heldur um aðferðafræðina um hvernig ólígarkar fá að ná sínu fram.** Áður voru sömu aðilar búnir að eyðileggja samtökin Landssamband fiskeldisstöðva. Hve langt ætlum við að láta ólígarkarna komast? – Hvenær ætlum við að stoppa þá af?

Kynningarfundur hjá Matís

Það voru ekki glæsilegar kveðjur frá opinberum starfsmanni í opinberu hlutafélagi á kynningarfundum Matís þann 18. maí 2021 til fyrrverandi framkvæmdastjóra Strandbúnaðar sem hafði frumkvæði að stofnun vettvangsins, rekið af miklum glæsibrag allt frá árinu 2016 og meira að segja með hagnaði öll heilu rekstrarárin. Mæli með að menn ræði og leyti skýringa á eftirfarandi, sem fram kom á kynningarfundinum, í samtali manna á milli sem er svo mikilvægur liður á öllum ráðstefnum:

- „Fyrrverandi framkvæmdastjóri Strandbúnaðar þurfti skyndilega að hætta“
- „Matís tók að sér framkvæmdastjórn í neyð“.

Hvað ætli fyrrverandi framkvæmdastjóri hafði eiginlega brotið af sér?

Slóð: <https://matis.is/vidburdir/rannsoknir-og-nyskopun-fyrir-fiskeldi-framtidar/>

Hann bara fór (Strandbúnaður)

Með fundarboði á aðalfundi Strandbúnaðar næstkomandi 29. október fylgir með greinagerð núverandi framkvæmdastjóra Strandbúnaðar (fylgiskjal 1). Fram kom að greinagerðin væri á ábyrgð framkvæmdastjórans en ekki stjórnar Strandbúnaðar. Undirritaður er búinn að svar þessu a.m.k. að mestu í fyrri tölvupóstum hér að neðan. Sjá einnig fylgiskjöl 2 og 3.

Það ber að áréttu að fyrrverandi framkvæmdastjóra Strandbúnaðar, sem þetta ritar, var hvorki sagt upp eða hann sagði upp enda er sú uppsögn ekki til. Fyrrverandi framkvæmdastjóri bauðst ekki til að segja af sér, hann einfaldlega „bara fór“, enda var staðan orðin þannig að það var ekkert bakland lengur og deiluefnið stóð í raun ekki við stjórnina heldur ólígarkarna. Það var farin sú leið að skila vel af sér félaginu, leiðbeindi um framhaldið sbr. fylgiskjal 1 og fyrrverandi framkvæmdastjóri „bara fór“, það var í raun ekkert annað í stöðinni. Það má einnig komast þannig að orði að honum hafi verið hent út eins og einhverri „druslu“ og ekki einu sinni þakkað fyrir frábært starf fyrir Strandbúnað. Ef það hefði ekki verið góður viðskilnaður hefði að mér verið sótt og þá með réttu. Sjávarútvegsþjónustan (mitt fyrirtæki) sem einn af hluthöfum Strandbúnaðar er áfram tilbúið að leiðbeina stjórn félagsins um þær breytingar sem þurfa að eiga sér stað.

Hann bara fór (atvinnugreinin)

Undirritaður hefur unnið fjölda verkefna með greininni, stjórnsýslunni og einstökum fyrirtækjum á síðustu árum og áratugum. Nú er komið að þeim tímapunkti að mér hugnast það ekki lengur vegna alvarlegar spillinar innan greinarinnar og stjórnsýslunnar. Markvist hefur verið farin sú leið að skala niður fiskeldistengd verkefni og í þessu tilvik sendur formlega tölvupóstur vegna þeirra verkefna sem eftir standa um að þeim ljúki á næsta ári. Það eru að sjálfsögðu flestir einstaklingar og fyrirtæki innan greinarinnar sem vinna heiðalega og faglega og ber að taka það fram. Vandamálið er að leiðandi aðilar í greininni eru ólígarkar og hafa fyrst og fremst verið að vinna málin sér og sínum til mikils fjárhagslegs ávinnings, oft sem fulltrúar greinarinnar, eins og undirritaður hefur komið inn á í sínum fjölmörgu greinum. **Í þessu umhverfi ætla ég ekki að starfa.** Undirritaður mun klára sína rannsókn á spillingu við undirbúning og gerð laga um fiskeldi eins og gert var grein fyrir í pósti í síðustu viku og birta ítarlega greinagerð á næsta ári.

Um fjöllum um mín mál á ráðstefnunni

Undirritaður mætir ekki á ráðstefnuna í ár eða framvegis. Fulltrúi Sjávarútvegsþjónustunnar sem er einn af eigendum Strandbúnaðar mætir þó á aðalfund félagsins 29. október. Vanda þarf til verka ef umfjöllun á minni gagnrýni um spillingu eða viðskilnað við Strandbúnað kemur til tals á ráðstefnunni. Í því samhengi er mikilvægt að málstofustjórar setji sig aðeins inn í málin til að stuðla að faglegri umfjöllun. Öllum málstofustjórum er hér með bætt inn á stækkandi tölvupóstlista og er þeim einnig bent á fyrri tölvupósta hér að neðan.

Að lokum

Strandbúnaður er lítill hluti af mun stærra máli. Það er miður að Strandbúnaður hefur

dregist inn í spillingarmál er tengist undirbúning og gerð laga um fiskeldi. Framgangan Strandbúnaðar gagnvart undirrituðum flokkast undir þöggun sem er kerfisbundin aðferð til að koma í veg fyrir að fólk tjái skoðanir sínar. Það er athyglisvert að á 21. öld að opinber gagnrýni í eigin nafni á ófagleg vinnubrögð og spillingu sé refsiverð. Undirritaður hefur aldrei notað Strandbúnað til að koma sínum skoðunum á framfæri í gegnum ráðstefnuna og stóð það aldrei til. Það er athyglisvert að fyrrverandi framkvæmdastjóra er ekki einu sinni þakkað fyrir frábært starf í þágu Strandbúnaðar í fjölmörg ár. **Í staðinn er allt gert til að hylma yfir raunverulega ástæðu þess að hann þurfti að víkja – og það er athyglisvert að mönnum viðrist almennt þykja það sjálfsgat.**

Um

Undirritaður hefur unnið við fiskeldi í um 30 ár og komið að fjölmörg verkefnum fyrir stjórnvöld er tengjast fiskeldi, s.s. komið að skrifum á lögum og reglugerðum. Gagnrýnd hefur verið sú spilling sem hefur átt sér stað við undirbúning og gerða laga um fiskeldi og er yfirlit um málið á slóðinni: <https://lagareldi.is/fljotandi-ad-feigdarosi/>

Best er að finna allar greinar er tengjast málinu á slóðinni: https://sjavarutvegur.is/?page_id=1017

Valdimar Ingi Gunnarsson
Sjavarútvegsþjónustan ehf.
Helgubraut 17
200 Kópavogur
GSM 6952269
Netfang: valdimar@sjavarutvegur.is
Vefsíður: www.sjavarutvegur.is
www.lagareldi.is
www.sjavarutvegsradstefnan.is

From: Valdimar Ingi Gunnarsson
Sent: laugardagur, 23. október 2021 09:33
To: Valdimar Ingi Gunnarsson (valdimar@sjavarutvegur.is) <valdimar@sjavarutvegur.is>
Subject: Opinber rannsókn og stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd

Ágætu félagar

Allt frá árinu 2019 hefur undirritaður farið fram á að opinber rannsókn verði gerð á vinnubrögðum við undirbúning og gerð laga um fiskeldi. Gerð var athugasemd við fiskeldisfrumvarpið á árinu 2019 og í framhaldinu var send beiðni til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar um að gerð yrði opinbera rannsókn (fylgiskjal 1). Afrit af þessari beiðni var send til allra alþingismanna, dagsett 20. maí 2019. Beiðnin var ítrekuð nokkrum sinnum við stjórnskipunar- og eftirlitsdeild Alþingis án þess að viðbrögð fengjust. Í byrjun ársins 2020 var byrjað að skrifa greinar í fjölmiðla þar sem vinnubrögðunum var lýst og er fyrstu greinina að finna í fylgiskjali 3. Þann 26.3.2021 var beiðni um opinbera rannsókn

(fylgiskjal 2) Ítrekuð við stjórnskipunar- og eftirlitsdeild án þess að fá nein viðbrögð.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd

Sendir hafa verið fjölmargir tölvupóstar til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar og jafnframt auglýst eftir viðbrögðum í fjölmiðlum án þess að þeim hafi verið svarað sem er ámælisvert og hvorki í samræmi við ákvæði stjórn-sýslulaga né vandaða stjórn-sýsluhætti. Viðbrögð stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar vekja eiginlega meiri undrun en málið sjálft og vakna spurningar um hvaða vinnu- og siðarreglum nefndin vinnur eftir. Þeim fulltrúum í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd sem sitja ennþá á Alþingi og fengið beiðni um að gerð verði opinber rannsókn er nú bætt inn á stækkandi tölvupóstlista.

„Opinber rannsókn“

Þar sem beiðni um opinbera rannsókn hefur engu skilað hefur undirritaður ákveðið að framkvæma þessa rannsókn. Eflaust er skynsamlegast að undirritaður fari í verkefnið þar sem hann situr á mikilli þekkingu í þessu máli, og mestar líkur á að rannsóknin verði þá nægjanlega vel gerð. Þegar horft er yfir sviðið og til baka má eflaust færa rök fyrir því að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis sé ekki rétti aðilinn til að koma að þessari rannsókn:

- a. Viðbrögð nefndarinnar fram að þessu gefa ekki miklar væntingar um faglega vinnubrögð.
- b. Aðgengi íslenskra leppa erlendra fjárfesta að stjórn-málamönnum og stjórn-sýslunni hefur verið óheppilegt.
- c. Alþingismenn eru aðilar málsins og líklega ekki að vænta mikils framgangs fyrr en með mikilli endurnýjun á mönnum á þinginu.

Umgjörð ábótavant

Starf alþingismanna er erfitt og mikið áreiti og hagsmunapotí beint að þeim. Það er ekki dregið í efa að stjórn-málamenn reyna almennt að leggja sig fram að vinna vel. Vandamálið er að umgjörð stjórn-sýslunnar er ekki nægilega góð og íslenskir leppar erlenda fjárfesta hafa of gott aðgengi að stjórn-sýslunni og löggjafavaldinu við mótun á leikreglum sjálfum sér og sínum til fjárhagslegs ávinnings eins og átt hefur sér stað við gerð laga um fiskeldi. Undirritaður hefur m.a. í fjölmörgum greinum í Morgunblaðinu og Bændablaðinu verið að gagnrýna hvernig íslenskra leppa erlendra fjárfesta hafa „fangað ríkisvaldið“ (e. state capture). Vinnubrögðin í þessu máli má ekki líta á sem einstakt fyrirbæri. Eins og einn viðmælandi komst að orði „hvaða auðlind verður næst“. Það er því mikilvægt sem sameiginlegt verkefni okkar að endurskoða reglur um samskipti stjórn-sýsluna og ekki minnst löggjafavaldið við aðila sem vilja komast að hönnun á leikreglum sjálfum sér og sínum til mikils fjárhagslegs ávinnings.

Upplýsingaöflun og skýrsluskrif

Að sjálfsögðu mun vera mun erfiðra fyrir mig með upplýsingaöflun en í tilfelli opinberrar nefndar. Þið munuð vera upplýst um framgang mála, í ákveðnum tilvikum hverjir eru **ekki** tilbúnir að gefa skriflegar eða munnlegar upplýsingar. Niðurstöður vinnu minnar mun síðan vera kynnt í greinagerð sem birt verður á næsta ári. Reynt verður að byggja sem mest á skriflegum gögnum en einnig verður stuðst við munnlegar heimildir. Heimildamenn geta valið um hvort þeir vilja láta nafns síns getið eða gætt verði nafnleyndar.

Gagna sem hefur verið aflað

Gagnaöflun er hafin og hefur nú þegar verið fengið frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu gögn frá tveimur starfshópum:

- *Starfshópur um stefnumótun í fiskeldi:* Gagnaöflun í þessu verkefni hófst í raun á árinu 2019 þegar kallað var eftir skriflegum gögnum er varðaði vinnu starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi. Upplýsingar úr fundargerðum starfshópsins hafa m.a. verið notaðar í greinum mínum en síðastliðin tæp tvö ár hefur megináhersla verið lögð á að birta greinar um málið í fjölmiðlum.
- *Samráðsnefnd í fiskeldi:* Nýlega bárust frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu fundargerðir og önnur gögn er varða vinnu samráðsnefndar um fiskeldi. Hér er um að ræða gögn sem nýtast vel við vinnu mína og jafnframt verður óskað eftir samtali við ákveðna nefndarmenn.

Í þessum tilvikum má segja að faglega sé unnið skv. 5. gr upplýsingalaga nr. 140/2012 og ber að þakka það.

Mál í ferli

Nú þegar hafa verið sendar nokkrar fyrirspurnir eða beiðnir sem eru í vinnslu:

- *Landsamband fiskeldisstöðva:* Óskað hefur verið eftir fundargerðum frá Landssambandi fiskeldisstöðva á þeim tíma sem unnið var að stefnumótun í fiskeldi. Fram hefur komið í samtölum að engar eiginlegar fundargerðir hafi verið gerðar og skv. lögfræðiáliti er ekki hægt að gera kröfu um að fundargerðir verði afhentar. Þessari vinnu verður haldið áfram.
- *Stefnumótunarhópur:* Óskað hefur verið eftir samtali við formann starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi sem skilaði af sér skýrslu á árinu 2017. Þrátt fyrir ítrekanir hafa engin viðbrögð fengist. Notað er tölvupóstfangið baldur@arnarlax.is og er hugsanlegt að ekki sé um rétt pósthfang að ræða.
- *Ráðgjafanefnd Hafrannsóknastofnunnar:* Farið er fram á við ráðgjafanefnd Hafrannsóknastofnunnar að gerð verði úttekt á vinnubrögðum Hafrannsóknastofnunnar er varðar áhættumat erfðablöndunar (fylgiskjal 4). Það er búið að senda ráðgjafanefndinni formlega þessa beiðni, þeim fulltrúum í nefndinni sem undirritaður hefur tölvupóstfang hjá.
- *Sveitarstjórnarmenn:* Búið er að óska eftir samtali við sveitarstjórnarmenn sem reyndu að koma sínum sjónarmiðum á framfæri við undirbúning og gerð laga um fiskeldi.
- *Strandbúnaður:* Þöggun hefur einkennt þetta mál og þar hefur Strandbúnaður leikið ákveðið hlutverk og í því samhengi hefur verið farið fram á að málið verði tekið upp á aðalfundi félagsins þann 29. október næstkomandi. Svörin (eða engin svör) sem fást verða notuð sem heimild í fyrirhugaða greinagerð. Málefni Strandbúnaðar er lítil hluti af mun stærra máli.

Kallað eftir fleiri gögnum

Í upplýsingaöflun minni verður lögð áhersla á að fá sem mest af skriflegum gögnum, s.s. í formi skýrslna, úttekta og tölvupósta. Kallað verður eftir fleiri skriflegum gögnum sem seinna verður greint frá.

Fjöldi manns geta gefið upplýsingar um málið og verður leitað til þeirra og jafnframt væri undirritaður þakklátur ef aðilar sem hafa eitthvað fram að færa hefðu samband að fyrri

bragði.

Vegna anna nuna í öðrum verkefnum mun undirritaður ekki setja fullan kraft í heimildaöflun fyrr en í lok nóvember og stefnt er að klára þá vinnu snemma á næsta ári.

Um

Undirritaður hefur unnið við fiskeldi í um 30 ár og komið að fjölmörg verkefnum fyrir stjórnvöld er tengjast fiskeldi, s.s. komið að skrifum á lögum og reglugerðum. Gagnrýnd hefur verið sú spilling sem hefur átt sér stað við undirbúning og gerða laga um fiskeldi og er yfirlit um málið á slóðinni: <https://lagareldi.is/fljotandi-ad-feigdarosi/>

Best er að finna allar greinar er tengjast málinu á slóðinni: https://sjavarutvegur.is/?page_id=1017

Valdimar Ingi Gunnarsson
Sjavarútvegsþjónustan ehf.
Helgubraut 17
200 Kópavogur
GSM 6952269
Netfang: valdimar@sjavarutvegur.is
Vefsíður: www.sjavarutvegur.is
www.lagareldi.is
www.sjavarutvegsradstefnan.is